

Útgefið 18. mars 2015

Að tengjast „Lync“ sem gestur

Lync er samskiptaforrit frá Microsoft sem er nokkurs konar samblanda af gamla MSN spjallforritinu, Skype vídeósamskiptaforritinu og fjarfundakerfi.

Áður en hægt er að tengjast fundi

Til að tengjast fjarfundi verður þú að hafa fengið sendan „hlekk“ til að tengjast fundinum.

Hlekkirnir eru t.d. <https://meet.lsh.is/hringsalur/XIXBAMRY>

(Þessi hlekkur vísar á útsendingu frá opnum umbótafundum í Hringsal)

Hlekkir á fundi byrja alltaf á <https://meet.lsh.is> og svo kemur skástrik „/“ og svo stafarugl sbr. hlekkinn hér að ofan.

Hægt er að opna hlekkinn og tengjast fundum hvar sem er í heiminum svo lengi sem gott og stöðugt netsamband er til staðar. Allt að 250 tölvur/gestir geta tengst hverjum fundi samtímis.

Að tengjast fundi

Til að tengjast fundi er smellt á hlekkinn eða hann afritaður (copy/paste) inn í netvafra.

Þegar smellt er á hlekkinn þá opnast vefsíða, sjá mynd:

Lync Web App

User name

Password

Remember me

Looks like your user name or password isn't right.

Install Lync Web App plug-in

By joining the meeting, I agree to the plug-in [Terms and Conditions](#).

➔ Join the meeting

⬅ Are you a guest to this meeting? **Sign in here instead**

Gestir skrá sig inn á fundinn með því að smella á textann í rauða kassanum „Sign in here instead“.


Útgefið 18. mars 2015

Skráningarupplýsingar

Áður en hægt er að tengjast fundinum þarf að skrá inn sitt nafn eða auðkenni, t.d. ef heill salur fylgist með útsendingu þá ætti að skrá heiti staðarins t.d. „Kleppur – Salur“ ef fylgst væri með útsendingu í sal á Kleppi.

Tryggja þarf að hakað sé við „Install Lync Web App plug-in“ svo að kerfið muni virka þegar inn í það er komið.

Að lokum er smelt á „Join the meeting“



Lync Web App

Guest, type your name below

Remember me

Install Lync Web App plug-in

By joining the meeting, I agree to the plug-in [Terms and Conditions](#).


➔ Join the meeting


⬅ Sign in if you are from the organizer's company

Í einhverjum tilfellum óska netvafrar eftir staðfestingu á að það megi setja inn „Microsoft Lync Web App plug-in“ t.d. glugginn hér að neðan, sjá mynd:

Í öllum tilfellum á að smella á „OK“ og/eða „Allow“. Þessi hugbúnaður hefur verið prófaður og er uppsetning á honum leyfð á tölvum spítalans.

Ef þú lendir í vandræðum á þessu stigi þá má að sjálfsögðu hafa samband við þjónustumiðstöð HUT í 543 1550 sem mun aðstoða þig við að tengjast fundinum.



 Microsoft Lync Web App Plug-in

The domain lsh.is wants to load the plug-in that will let you participate in audio and video conferencing and will also let you present your screen to others.

Only allow the plug-in if you trust lsh.is.

Always allow the plug-in for this domain

Allow Deny

Útgefið 18. mars 2015

Tenging við fundi

Þegar uppsetning á „plug in“ hefur klárast tengist þú fundinum.

Ef útsending er ekki hafin þá sérðu eingöngu hverjir aðrir hafa tengst fundinum.

Stillingar neðst til vinstri skulu vera svona (sjá mynd) en hægt er að smella á þær til að breyta þeim.



Stutt lýsinga á möguleikum

Hnapparnir verða bláir ef þeir eru virkir, t.d. er hljóðhnappurinn almennt blár en með striki yfir hljóðnemann, það táknar að þú getir hlustað á fundinn en fundurinn heyrir ekki í þér.



Opnar/lokar fyrir textaspjall milli fundargesta. Ef þörf er á er hægt að nota textaspjall til að leggja fyrirspurn fyrir fyrirlesara, koma athugasemdum á framfæri t.d. ef það heyrir illa í fyrirlesara o.þ.h. en almennt er mælt til að fólk noti þetta í samræmi við eðli fundar og trúfli ekki að óþörfu.



Opnar/lokar á hljóð. Ef smellt er á hnappinn og rauða strikið fer af hljóðnemanum þá munu allir á fundinum heyra í þér ef hljóðnemi er á tölvunni eða tengdur við tölvuna sem þú ert að nota. Almennt er mælt til að fólk noti þetta í samræmi við eðli fundar og alls ekki ef um útsendingu frá fyrirlestri er að ræða.



Opnar/lokar á myndavél. Ef smellt er á hnappinn þá munu allir á fundinum geta séð þig ef myndavél er á tölvunni eða tengd við tölvuna sem þú ert að nota.



Deila skjáborði eða forriti. Ef smellt er á þennan hnapp þá munu allir á fundinum geta séð hvað þú ert að gera á þinni tölvu, s.s. hvaða forrit þú ert með opin o.þ.h. Eingöngu fyrirlesari á að nýta sér þetta til að deila glærum eða öðru efni með fundargestum.



Sjá hverjir eru tengdir fundinum.

Að fundi loknum

Þegar fundinum er lokið skal smella á hnapp efst hægramegin á skjá til að aftengjast fundinum, sjá mynd:

